

## STF-2017-19 Útivistar- og umhverfisfræðsla

Meginmarkmið verkefnis er að dýpka þekkingu og skilning nemenda á útivist og náttúru Skaftárhrepps í gegnum valáfanga í útivistar og umhverfisfræði. Verður nemendum kynnt náttúra Skaftárhrepps og sjálfbær nýting hennar með áherslu á útivistarmöguleika og lýðheilsu. Verkefninu er ætlað að efla vitund og áhuga barna á náttúruvernd, framtíðar atvinnutækifærum í afþreyingarþjónustu og útivistarmöguleikum í Skaftárhreppi. Jafnframt er verkefninu ætlað að gera nemendum grein fyrir ábyrgð mannsins gagnvart náttúrunni og áhrifum ýmissa framkvæmda á mismunandi vistkerfi. Nemendur skoða vistspor sín og reyna að minnka þau.

Verkefninu var úthlutað kr. 700.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.